



Námsáætlun í ENSK2OR05 – haust 2026

Stutt lýsing á áfanganum:

Í áfanganum verður leitast við að efla orðaforða nemenda, ásamt því að veita þeim innsýn inn í bókmenntir og bókmenntagreiningu. Jafnframt fá nemendur yfirsýn yfir enska málfræði og fá tækifæri til þjálfna lestur, hlustun og tjáningu á ensku.

Markmið áfangans er m.a. að nemendur geti lesið og rýnt í ritað mál í upprunalegri mynd (þ.e. styttri texta, smásögur og skáldsögur á nútímamáli). Við lok áfangans ættu nemendur að geta tjáð sig um dagleg málefni og óhlutbundin efni í tengslum við námsefnið. Einnig ættu nemendur að hafa öðlast þekkingu á skrifum stuttra ritgerða, sem og gert útdrætti úr lesnu efni.

Kennslugögn:

- Enskir leskaflar handa 4. bekk málabrautar (fjölrit MR)
- Enskt ljóðahefti handa 4. bekk máladeildar (fjölrit MR)
- Enskar smásögur handa 4. bekk (fjölrit MR)
- *Animal Farm* eftir George Orwell (1945)
- Skrifleg og munnleg verkefni

Kennsluhættir:

- 5 tímar í viku
- Umræður, skrifleg verkefni og fyrirlestrar kennara
- Einstaklings- og hópavinna

Kennarar:

Katherine Louise Þóra Stokke (katherine@mr.is) og Unnur Ásta Harðardóttir (unnur.a.hardardottir@mr.is).

Námsmat:

Námsmat byggist á lokaprófi, verkefnum, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig:

- Orðaforði **10%**
- Animal Farm **10%**
- Paragraph ritun **10%**
- Fyrirlestur **10%**
- Virkni (ástundun, virkni og hegðun í tíma) **10%**
- Lokapróf **50%**

Athugið:

- Nemandi verður að mæta undirbúinn í tíma (þ.e. búinn að lesa og með nauðsynlegar námsbækur/verkefni meðferðis)
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus, án heimanáms eða veldur truflun er kennara heimilt að vísa honum úr tíma.
- Ekki er leyfilegt að nota síma nema með leyfi kennara.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Nemendum ber að fylgja skólareglum í tímum (<https://mr.is/skolinn/skolareglur/almennar-skolareglur/>)

Birt með fyrirvara um breytingar